

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/988 2021/EES/66/07**frá 12. mars 2020**

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 86. gr. og b-, c- og f-lið 1. mgr. 111. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í þýsku útgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽²⁾ er villa í inngangsmálslið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 18. gr. sem hefur í för með sér að merking ákvæðisins er andstæð við þá merkingu sem ætlast er til.
- 2) Í þýsku útgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 eru villur í ii. lið d-liðar 3. mgr. 116. gr. og ii. lið d-liðar 3. mgr. 147. gr. sem breyta merkingu textans.
- 3) Í dönsku útgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 eru villur í h- og i- lið 3. mgr. 209. gr. sem hefur í för með sér að merking ákvæðisins er andstæð við þá merkingu sem ætlast er til.
- 4) Því ætti að leiðrétta dönsku og þýsku útgáfunnar af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).**2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
